Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bnr. 0-0 K/S 17.9.19
Ábm. Svfr.
Afgr. ( )Bréf ( )St.
Lvm. Trm.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur**
**Árnesi**
**801 Selfoss**

Laugarvatni, **13. september 2019**
Tilvísun: *1902023 SR*

**Efni: Árnes; Deiliskipulagsbreyting. Endurskoðað deiliskipulag**

Ofangreint deiliskipulag hefur tekið gildi með birtingu auglýsingar nr. 737/2019 í B-deild stjórnartíðinda þann 21.ágúst sl.

Ef stofna á lóðir þarf embættinu að berast hnitsett lóðablöð fyrir hverja lóð ásamt umsóknareyðublaði.

Óskist frekari upplýsinga þá vinsamlega hafið samband við embættið.

Virðingarfyllst,

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita Skipulagsfulltrúi

Stella Rúnarsdóttir
Ritari skipulagsfulltrúa

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi**

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun.

*Deiliskipulagsbreyting, Árnes*

Breytingin fellst í lagfæringu skipulagsgrunns til samræmis við raunveruleg lóðamörk skv. nýrri mælingu lóða og gatna innan þéttbýlisins í Árnesi. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, en þar koma fram reitir fyrir íbúðarbyggð, verslun- og þjónustu og stofnanir.

Helstu breytingar:

a) Lóðarmörk við Heiðargerði og Hamragerði breytast til samræmis við mælingu og við það breytast einnig lóðarstærðir

b) Lega gatnanna Hamragerði og Heiðargerði breytist lítillega skv. hönnun

c) Byggingareitir á lóðum við Hamra- og Heiðargerði breytast

d) Gangstétt er færð austur fyrir Heiðargerði og ný gönguleið milli Heiðargerðis og Hamragerðis

e) Gönguleiðir breytast lítillega, nýjar gangbrautir yfir Skólabraut.

f) Lóðinni Hamragerði 1 er breytt í parhúsalóð

g) Lóðinni Heiðargerði 1 er breytt í þriggja íbúða raðhúsalóð

h) Settar eru kvaðir um lagnir á lóðum

h) Bílastæði og aðkoma við Þjórsárskóla

i) Uppsetning skilmála breytist

Skilmálar á upphaflegu deiliskipulagi voru gefnir upp með bókstöfum og númerum sem var nánar útlistað í skýringum. Í nýlegum breytingum hafa verið settir skilmálar fyrir einstakar lóðir og eru þeir birtir hér. Ásamt því skilgreina skilmála með bókstöfum eru nú einnig birtir skilmálar fyrir lóðir og kvaðir.

Samþykkt í sveitarstjórn 20.febrúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 7.ágúst 2019*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita,

**Rúnar Guðmundsson**

Umhverfis- og tæknisvið
Uppsveita
Skipulagsfulltrúi

Nr. 737 7. ágúst 2019

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Árnes.*
Í breytingunni felst lagfæring skipulagsgrunns til samræmis við raunveruleg lóðamörk skv. nýrri mælingu lóða og gatna innan þéttbýlisins í Árnesi. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, en þar koma fram reitir fyrir íbúðarbyggð, verslun og þjónustu og stofnanir.
Helstu breytingar:

a) Lóðarmörk við Heiðargerði og Hamragerði breytast til samræmis við mælingu og við það breytast einnig lóðastærðir.
b) Lega gatnanna Hamragerðis og Heiðargerðis breytist lítillega í samræmi við hönnun.
c) Byggingarreitir á lóðum við Hamragerði og Heiðargerði breytast.
d) Gangstétt er færð austur fyrir Heiðargerði og ný gönguleið milli Heiðargerðis og Hamragerðis.
e) Gönguleiðir breytast lítillega, nýjar gangbrautir yfir Skólabraut.
f) Lóðinni Hamragerði 1 er breytt í parhúsalóð.
g) Lóðinni Heiðargerði 1 er breytt í þriggja íbúða raðhúsalóð.
h) Settar eru kvaðir um lagnir á lóðum.
h) Bílastæði og aðkoma við Þjórsárskóla.
i) Uppsetning skilmála breytist.

Skilmálar á upphaflegu deiliskipulagi voru gefnir upp með bókstöfum og númerum sem var nánar útlistað í skýringum. Í nýlegum breytingum hafa verið settir skilmálar fyrir einstakar lóðir. Ásamt því að skilgreina skilmála með bókstöfum eru nú einnig birtir skilmálar fyrir lóðir og kvaðir.
Samþykkt í sveitarstjórn 20. febrúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 7. ágúst 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**

---